

# Reglur um ráðgjöf um líðan og sálfræðipjónustu fyrir börn og fullorðna með lögheimili í Húnaþingi vestra.

## 1. gr.

Almenn og sérhæfð þjónusta er í boði hjá fjölskyldusviði Húnaþings vestra um líðan, félagslegan og persónulegan vanda. Öll börn með lögheimili í Húnaþingi vestra geta fengið aðstoð ráðgjafa um líðan eða stuðning sálfræðings á heilsugæslu.

## 2. gr.

Ráðgjafi um líðan veitir viðtöl í grunnskóla, leikskóla eða á fjölskyldusviði. Beiðni um ráðgjöf skal send til nemendaverndarráðs vegna barna í grunnskólum eða leikskólum. Beiðni um ráðgjöf fyrir börn að loknum grunnskóla að 18 ára aldri skal senda til fjölskyldusviðs Húnaþings vestra.

Beiðni um aðstoð sálfræðings skal beina til skólahjúkrunarfræðings á heilsugæslu í gegnum nemendaverndarráð.

## 3. gr.

Að öllu jöfnu geta framhaldsskólanemar fengið sálfræðipjónustu hjá heilsugæslu í sinni heimabyggð, hvort sem meðferðin fer fram á heilsugæslunni sjálfri eða í gegnum fjarskiptabúnað/tölvu, gegn vægu gjaldi.

Framhaldsskólar eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar og hafa með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. sálfræðipjónustu, sem í boði er fyrir nemendur. Í mörgum skólum eru starfandi sálfræðingar.

## 4. gr.

Hafi barn á framhaldsskólaaldri hvorki aðgang að sálfræðipjónustu hjá heilsugæslu í sinni heimabyggð, né í sínum framhaldsskóla, getur hann sótt um styrk fyrir slíkri þjónustu hjá fjölskyldusviði Húnaþings vestra. Fjölskyldusvið getur samþykkt allt að sex skipti, sem greidd eru eftir á gegn framvísun kvittunar, að frádregnu greiðsluhlutfalli stéttarfélags. Ef viðkomandi á ekki rétt á greiðslu frá stéttarfélagi skal fylgja staðfesting stéttarfélags þess efnis eða staðfest afrit úr staðgreiðsluskrá ef viðkomandi hefur ekki haft laun.

Fjölskyldusvið metur forgangspörf með viðtölum eða skimun ef biðlisti er langur hjá heilsugæslu.

## 5. gr.

Fullorðnir eiga rétt á ráðgjöf um líðan og félagslegri ráðgjöf hjá fjölskyldusviði. Sálfræðipjónusta fullorðinna er veitt á heilsugæslu. Sé slík þjónusta ekki til staðar eða biðlistar mjög langir getur fjölskyldusvið aðstoðað einstaklinga að finna sjálfstætt starfandi sálfræðing og viðkomandi getur nýtt styrk stéttarfélags til sálfræðipjónustu nýttur hjá einkaaðila.

6. gr.

Starfsmenn Húnaþings vestra geta fengið ráðgjöf hjá fjölskyldusviði vegna starfa sinna, s.s. félagsráðgjöf.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða félagsráðgjafi í kjölfar viðtals, getur heimilað greiðslu á þremur tímum hjá fagaðila, s.s. sálfræðingi, fyrir starfsfólk Húnaþings vestra sem þarf fagaðstoð vegna vinnu sinnar.

Greiðsla skal framkvæmd eftir á með framvísun kvittunar fyrir þjónustunni, ásamt staðfestingu stéttarfélags á niðurgreiðslu af þeirra hálfu, eða staðfestingu á að niðurgreiðsla fái ekki frá stéttarfélagi.

Ef þörf er á fleiri tímum þá kallar fjölskyldusvið eftir greinargerð frá viðkomandi fagaðila til að meta umfangið.

*Samþykkt af félagsmálaráði 28. desember 2022*

*Samþykkt af fræðsluráði 5. janúar 2023*

*Samþykkt af sveitarsarstjórn 12. janúar 2023*